

Ársskýrsla stjórnar CCU samtakanna - Starfsárið 2020

Þetta starfsár varð aðeins öðruvísi en venjulega. Vegna Covid var mörgu frestað eða aflýst sem stjórn var búin að skipuleggja, fundir breyttust í fjarfundi og viðburðir felldir niður. Eini fræðslufundur ársins var á eftir aðalfundinum í febrúar og ungliðahópurinn hittist heldur ekki nema einu sinni. Stjórnarfundir voru líka aðeins færri en venjulega, 9 talsins og fjögur fréttabréf voru gefin út á árinu. Um áramót voru 582 í samtökunum, 464 í lokaða umræðuhópnum, 89 í ungliðahópnum og opna fésbókarsíðan var með 1572 fylgjendur.

21. janúar 2020. Formannafundur aðildarfélaga ÖBÍ á Grand hótél. Edda mætti á fundinn.

25. febrúar 2020. Aðalfundur og fræðslufundur í sal Vistor og hefðbundin aðalfundastörf voru á dagskrá. Ný stjórn var kosin óbreytt frá fyrra ári og skipti með sér verkum eftirfarandi: Edda Svavarsdóttir formaður, Hulda Björg Þórðardóttir gjaldkeri, Sóley Veturliðadóttir ritari, Elísabet Sverrisdóttir og Kristvin Guðmundsson meðstjórnendur. Varamenn voru kjörnir Hrefna B. Jóhannsdóttir og Sigurborg Sturludóttir og skoðunarmenn reikninga Emil B. Hallgrímsson og Hrönn Petersen. Umsjónarmaður vefsíðu er Svavar Kjarrval og tengiliðir ungliðahóps við stjórn eru Rakel Ýr, Tinna og Guðlaug. Félagsgjöld voru ákveðin óbreytt kr. 2.000. Eftir aðalfundinn nættu hjúkrunarfræðingarnir Anna Soffía Guðmundsdóttir og Ingibjörg Magnúsdóttir frá göngudeild meltingar LSH og héldu stuttan fyrirlestur um þá þjónustu sem er í boði á deildinni. Anna Lind Traustadóttir næringarfræðingur var einnig með stuttan fyrirlestur um það helsta sem þarf að hafa í huga varðandi IBD.

2. febrúar 2020. Ungliðarnir hittust í brunch á Restaurant Reykjavík. Umsjónarmenn hópsins eru Tinna, Rakel og Guðlaug.

27.-28. mars 2020. Stefnuþing ÖBÍ var blásið af vegna Covid.

19. maí 2019. Alþjóðlegi IBD dagurinn. Eins og síðustu ár var CCU með vitundarvakningarátak undir slagorðinu "Þú sérð það ekki utan á mér" sem Webmo sá um. Að þessu sinni settum við fókusinn á IBD og vinnu og var átakið í birtingu á fésbókinni frá 1. til 19. maí.

30. maí 2020. Aðalfundur Efcca breyttist í netfund og fundarefni skorið niður í það allra nauðsynlegasta. Skipulag fundarins var gott og framkvæmd atkvæðagreiðslu tókst vel. Edda sat fundinn fyrir hönd CCU.

8. ágúst 2020. Ungliðafundur EYM varð einnig að netfundi. Guðlaug sat fundinn fyrir hönd CCU og umræðan var færslan frá barnateymum yfir í þjónustu fyrir fullorðna einstaklinga.

22. ágúst 2020. Reykjavíkurmaraþonið var blásið af en ákveðið var að greiða áheiti út þrátt fyrir það. CCU fékk 17.000 krónur í sinn hlut og þökkum við kærlega fyrir stuðninginn.

22. september 2020. Formannafundur aðildarfélaga ÖBÍ á Grand Hótél. Edda mætti á fundinn.

2.-3. október 2020. Aðalfundur ÖBÍ á hótél Nordica. Edda, Elísabet og Hulda mættu á fundinn en hægt var að velja hvort mætt væri á staðinn eða tekið þátt á netinu. Kosning var rafræn og tókst þökkalega, en var ansi tímafrek. Fundi átti að ljúka um eitt á sunnudag en lauk ekki fyrr en löngu seinna.

20.-22. nóvember 2020. CCU hafði boðið til norðurlandafundar þessa daga en vegna Covid var honum frestað um eitt ár.

Í september bauð Hjálmar S. Ásbjörnsson upp á námskeið í núvitund fyrir félagsmenn CCU og Edda og Anna Lind afhentu formlega matarbæklinginn okkar góða á göngudeild meltingar LSH.

Í október áttu CCU samtökin 25 ára afmæli og þar sem afmælistálfinginu var frestað var ákveðið að gefa göngudeild meltingar LSH æðaskannaljós sem var mjög svo velkomið á deildina :-)

Aðeins var unnið í heimasíðu CCU, m.a. bætt við og lagfært í mataræðisflípanum og linkum á rannsóknir settir inn. Þessi vinna er enn í gangi.

Edda sat sitt fyrra ár sem varamaður í laganevnd ÖBÍ.

Stjórn CCU.